

MAT Á UMHVERFISÁHRIFUM SAMKVÆMT LÖGUM NR. 63/1993 VEGNA BREIKKUNAR VESTURLANDSVEGAR OG MIKLUBRAUTAR FRÁ HÖFÐABAKKA AÐ SKEIÐARVOGI

NIÐURSTÖÐUR FRUMATHUGUNAR OG ÚRSKURÐUR SKIPULAGSSTJÓRA RÍKISINS

1. INNGANGUR

Með vísun til 7. greinar laga nr. 63/1993, um mat á umhverfisáhrifum, var fyrirhuguð breikkun Vesturlandsvegur og Miklubrautar milli Skeiðarvogs og Höfðabakka tilkynnt til frumathugunar hjá embætti skipulagsstjóra ríkisins, með bréfi dagsettu 28. apríl 1995.

Framkvæmdaraðili: Vegagerðin og Reykjavíkurborg.

Markmið framkvæmdarinnar: Að auka umferðarrýmd vegarkafans frá Höfðabakka að Skeiðarvogi og gatnamóta Vesturlandsvegur og Sæbrautar frá því sem nú er og draga úr slyshættu.

Framkvæmd kynnt í frummatsskýrslu: Vesturlandsvegur verður breikkaður til norðurs úr 4 akreinum í 7 akreinar frá Höfðabakka (st. 1800) að gatnamótunum við Skeiðarvog (st. 520). Samhliða framkvæmdinni munu að- og fráreinar á þessum vegarkafna breytast nokkuð en þeim verður fækkað frá því sem nú er. Breytingin hefur í för með sér að Suðurlandsbraut verður lokað við Steinahlíð. Framkvæmdinni fylgja fjögur steipt mannvirki: Undirgöng fyrir gangandi og akandi umferð við Breiðhöfða, brú yfir Elliðaár, framlenging á stökk fyrir vestari ál Elliðaáa og gerð brúar yfir Sæbraut.

Frumathugun: Framkvæmdin var tilkynnt til embættis skipulagsstjóra ríkisins þann 28. apríl 1995 og frummatsskýrsla lögð fram. Framkvæmdin var formlega móttækin af embætti skipulagsstjóra ríkisins með bréfi dagsettu 9. maí 1995 og hófst þá frumathugun. Framkvæmdin var auglýst opinberlega þann 17. maí 1995 og birtist auglýsingin í Lögbirtingablaðinu og Morgunblaðinu. Frummatsskýrsla lá frammi til kynningar frá 17. maí til 22. júní 1995 hjá embætti skipulagsstjóra ríkisins, Reykjavík, Borgarskipulagi Reykjavíkur og í sýningarsal Ingvars Helgasonar hf, Sævarhöfða 2. Tvær athugasemdir bárust á kynningartímanum. Leitað var umsagnar þriggja opinberra umsagnaraðila, Hollustuverndar ríkisins, Borgarráðs Reykjavíkur og Árbæjarsafns.

Gögn lögð fram við frumathugun:

1. **Frummatsskýrsla:** Breikkun Vesturlandsvegur og Miklubrautar, Höfðabakki-Skeiðarvogur, Frummat á umhverfisáhrifum framkvæmdar. Vegagerðin, Reykjavíkurborg og Línuhönnun hf. apríl 1995. Fylgiskjöl nr. 3, Elliðaárdalur, greinargerð um tillögur að skipulagi, nr. 4, Úttekt á loftmengun, nr. 4b, Úttekt á loftmengun, nánari útreikningar og nr. 5, Úttekt á hljóðmengun, fylgdu sem sérřit svo og fylgiskjal nr. 6, Arðsemi gatnaframkvæmda.

2. UMSAGNIR

Leitað var umsagnar **Hollustuverndar ríkisins** með bréfi dagsettu 10. maí 1995 og barst umsögn með bréfi, dagsettu 1. júní 1995, þar sem segir m.a. um framkvæmdina:

„Hollustuvernd telur framkvæmdina þess eðlis að umhverfinu eigi ekki að stafa aukin hættu af hugsanlegri vatnsmengun og úrgagnsmengun frá framkvæmdinni miðað við það sem nú er. Á framkvæmdatíma verður að gæta fyllstu aðgátar til að koma í veg fyrir vatnsmengun í Elliðaárna, en slík mengun gæti til dæmis stórskaðað Elliðaárna sem laxveiðia.

Loftmengun: Miðað við útreikning á loftmengun við gatnamótin eru líkur á að farið verði yfir viðmiðunarmörk NO₂. Bent er á að ef vegtengingum út úr bænum fjölgi muni líkurnar á þessu minnka. Eðlilegt er að umferðar- og loftgæðamælingar verði stundaðar á þessu svæði þar sem mengun er talin verða mest til þess að sannreyna spár um umferð og loftgæði.

Hávaðamengun: Benda skal á að almenna viðmiðunarmarkið fyrir hljóðstig frá umferð við íbúðarhús er 55 dB_A. Eðlilegt er að það komi einnig fram.

Þá er rétt að hvetja til þess við framkvæmdaaðila að gerðar verði áætlanir um að dreifa umferð og minnka umferð eins og kostur er. Einnig vill Hollustuvernd ríkisins vara við hugsanlegum flöskuhálsum í umferð á Miklubraut vestan Kringlumýrarbrautar með tilheyrandi aukningu í mengun. Þetta getur fylgt því að aukin umferð fari um Miklubraut í kjölfar þessarar framkvæmdar og annarra vegabóta á Miklubraut."

Umsögnin var send Línuhönnun með bréfi dagsettu 12. júní 1995.

Með vísun í ofangreinda umsögn Hollustuverndar óskaði **Skipulag ríkisins**, með bréfi, dagsettu 12. júní 1995, eftir tillögum Hollustuverndar um hvernig umferðar- og loftgæðamælingum skuli háttað.

Svar **Hollustuverndar** barst með bréfi, dagsettu 23. júní 1995 þar sem segir:

„Ekki er þörf á umfangsmiklum og tíðum mælingum heldur er væntanlega nóg að láta fara fram s.s. tvær mælingar á því tímabili sem spárnar ná yfir. Í því sambandi má benda á að Reykjavíkurborg hefur yfir að ráða flytjanlega mælistöð. Um nánari útfærslu ætti framkvæmdaraðili að hafa samráð við Heilbrigðiseftirlit Reykjavíkur."

Svarið var sent Línuhönnun með símbréfi dagsettu 27. júní 1995.

Leitað var umsagnar **Borgarráðs Reykjavíkur** með bréfi dagsettu 10. maí 1995 og barst umsögn með bréfi, dagsettu 14. júní 1995, þar sem borgarráð samþykkir umsögn borgarlögmans er fylgdi bréfinu. Í umsögn borgarlögmans segir m.a.:

„Aðalskipulag Reykjavíkur 1990-2010 gerir ráð fyrir þessari framkvæmd og er sérstaklega um hana fjallað í samgöngukafla upplýsingarits sem fylgdi aðalskipulaginu....

Þegar litið er til umhverfisáhrifa framkvæmdarinnar er rétt að vekja athygli á eftirfarandi:

1. Breikkun Miklubrautar-Vesturlandsvegur mun verða til norðurs og færast því hluti umferðarinnar fjær þeirri íbúðabyggð sem næst er í dag, svo sem á Ártúnsholti og við Rauðagerði.
2. Gert er ráð fyrir að umferðarhraði verði jafnari en nú er og dragi þar af leiðandi úr hraðabreytingum og að biðraðir minnki eða hverfi.
3. Í íbúðabyggð austast í Rauðagerði og næst stendur Miklubraut má búast við því að hljóðmengun aukist. Hæsta hljóðstig í umræddu hverfi hækkar þannig úr 48 dB (A), eins og staðan er í dag, í 52 dB (A) árið 2008. Í íbúðabyggðinni við Ásenda er gert ráð fyrir því að umferðarhávaði verði því sem næst óbreyttur frá því sem nú er, jafngildishljóðstigið verði um 59 dB (A) í þeim húsum sem verst eru sett. Markgildi byggingareglugerðar og mengunarreglugerðar varðandi hámarksgildi fyrir jafngildishljóðstig frá umferð við íbúðarbyggð er 65 dB (A).
4. Loftmengun verður að mestu innan þeirra marka sem gert er ráð fyrir í íslenskri mengunarvarnareglugerð en viðmiðunarmörk hennar eru verulega lægri en viðmiðunarmörk níturtvíldis, skv. EES samningi.

Af þeim ítarlegu gögnum sem unnin hafa verið verður ráðið að framkvæmdin sé nauðsynleg til þess að leysa annars vegar núverandi umferðarvanda og mæta umferðaraukningu næstu ára...

Undirritaður fær ekki séð að neitt það komi fram í frummati á umhverfisáhrifum sem breyta eigi þeim ákvörðunum sem nefndir og ráð borgarinnar hafa þegar tekið og er því lagt til að borgarráð geri ekki athugasemdir við frummatið."

Umsögnin var send Línuhönnun með símbréfi dagsettu 20. júní 1995.

Leitað var umsagnar **Árbæjarsafns** með bréfi dagsettu 10. maí 1995 og barst umsögn í bréfi, dagsettu 19. júní 1995, þar sem segir m.a.:

„Eins og þegar er fram komið eru engar þekktar fornleifar á þessu svæði sem fyrirhugaðar gatnaframkvæmdir eru ætlaðar. Þó þarf að vera á varðbergi þegar framkvæmdir hefjast. Allar fornleifar eru friðaðar, þótt óþekktar séu við upphaf framkvæmda.

Árbæjarsafn fagnar sérstaklega endurbótum á göngustígakerfi og gönguleiðum við þetta svæði, en samgöngur þessa leið hafa ekki verið of greiðar. Í Elliðaárdal eru ýmsar merkar menningarminjar og mikilvægt að tengja þetta svæði vel fyrir gangandi og hjólandi umferð við önnur minja- og útivistarsvæði, bæði í Laugardal og Fossvogsdal/Öskjuhlíð.

Göngustígur sem sýndur er um minjasvæði í neðanverðum Elliðaárdal (kort nr. 6, sbr. meðfylgjandi ljósrit) þarf að endurskoða með tilliti til minja sem tengjast starfsemi þófaramyllu og litunarhúss Innréttinga Skúla Magnússonar fógeta frá

miðri 18. öld. Þar eru rústir og garðar auk leifa af síkjakerfi sem gert var í tengslum við þessa fyrstu verksmiðjustarfsemi landsins..."

Umsögnin var send Línuhönnun, með símbréfi dagsettu 20. júní 1995.

Allar umsagnir liggja frammi hjá Skipulagi ríkisins þar til kærufrestur er liðinn.

3. ATHUGASEMDIR

Athugasemdir bárust frá **Lilju Sigrúnu Jónsdóttur** með bréfi, dagsettu 20. júní 1995, þar sem eftirfarandi kemur fram:

- „1. Nokkuð er fjallað um gönguleiðir um Elliðaárdal og er þó óljóst með framkvæmdir á þeim. Aðgengi fyrir gangandi að Elliðaárdalnum frá Voga- og Heimahverfi mun þó skerðast allnokkuð með þessari framkvæmd að því er ég fæ best séð og er það miður. Gönguleiðir yfir/undir Miklubraut milli Sæbrautar og Skeiðarvogs verða engar sem verður að teljast á skjön við aðra stefnu innan borgarinnar um örugga göngu- og reiðhjólástíga. Með því að flýta framkvæmdum við undirgöng undir annað hvort Sæbraut eða Miklubraut væri komin farsæl lausn á þessum vanda.
2. Hávaða- og mengunarmælingar eru gerðar og sérstaklega einblínt á aðlægt íbúðarhúsnæði. Ég fæ ekki séð að metin séu áhrifin á nærliggjandi leikskóla Reykjavíkurborgar, þ.e. Steinahlíð þótt umferðin færist nær og aukist við túnfótinn. Nú þekki ég ekki viðmiðunarreglur um mengunarvarnir en þarna dvelja börn 8-9 klst. á dag í nálægð við umferðina og væntanlega því þörf á að meta þeirra aðstæður hvað þetta varðar. Sömuleiðis virðist Vogahverfið sniðgengið í mengunarmælingum.
3. Ekki fæ ég séð að metin séu áhrif lokunar á Suðurlandsbraut við Sæbraut á aðlæg íbúðahverfi (Vogar og Heimar). Þó má þar vænta aukningar á gegnumakstri um hverfið með tilheyrandi slyshættu auk hávaða og útblástursmengunar.

Að lokum vil ég þó árétta að ég tel að framkvæmdin muni í heild bæta aðstæður íbúa borgarinnar þó nokkurra viðbótarúrlausna sé þörf fyrir íbúa Voga- og Heimahverfis."

Athugasemdin var send Línuhönnun með símbréfi 22. júní 1995 og spurt sérstaklega um mengunarmælingar í Vogahverfi og áhrif á umferð í Voga- og Heimahverfi.

Svar **Línuhönnunar**, einnig undirritað af fulltrúum Vegagerðarinnar og Reykjavíkurborgar, barst með bréfi dagsettu 30. júní 1995 þar sem segir m.a.:

„Athugasemdir Lilju Sigrúnar voru þrjár og er um fyrstu athugasemdina það að segja að fyrir dyrum stendur að gera þverun fyrir gangandi vegfarendur yfir Miklubraut á mótis við Rauðagerði. Þessi þverun mun verða á formi göngubrúar eða undirganga. Henni er ætlað að auðvelda tengsl gangandi og hjólandi umferðar milli hverfanna hvoru megin við Miklubraut en ekki síður sem bót á tengslum milli Voga- og Heimahverfis og Elliðaárdalsins. Einnig er skv. skipulagi gert ráð fyrir þverun fyrir gangandi vegfarendur yfir Sæbraut rétt sunnan Knarrarvogs. Um annað hvort göngubrú eða undirgöng verður að ræða.

Í athugasemd 2 er því haldið fram að ekki séu metin mengunaráhrif fyrir Steinahlíð en það er ekki alls kostar rétt. Í niðurstöðum loftmengunarútreikninga sem gerðir voru má sjá að þær ná yfir lóð Steinahlíðar. Niðurstöður þessara útreikninga eru þær sömu og fyrir önnur svæði norðan Vesturlandsvegjar að loftmengun fer hvergi yfir leyfileg mörk mengunarvarnareglugerðar vegna þessarar framkvæmdar.

Varðandi hljóðmengun er það að segja að sé tekið mið af þeim mælingum og útreikningum sem gerðir voru að þá má fullyrða að hljóðmengun mun ekki fara yfir viðmiðunarmörk byggingareglugerðar í kringum húsin á lóð Steinahlíðar. Þar sem Suðurlandsbraut mun verða lokað við hægri beygju af Sæbraut inn á Miklubraut má segja að hljóðmengun á lóðinni næst Suðurlandsbrautinni muni stórlega minnka. Á hinn bóginn mun hljóðmengun færast nær húsum við Steinahlíð þar sem legu áðurnefndrar hægri beygju verður breytt.

Af fyrrnefndum niðurstöðum má einnig sjá að mengun í Vogahverfi mun hvergi fara yfir mörk mengunarvarnareglugerðar í Vogahverfi.

Varðandi athugasemdir um áhrif af lokun Suðurlandsbrautar á umferð í Voga og Heimahverfi er fyrst að telja að Suðurlandsbraut verður ekki lokað fyrir en mislæg gatnamót verða komin á mótum Miklubrautar og Skeiðarvogs. Með því móti verður höggvið á þann umferðarhnút sem myndast á háannatímum á vinstri beygju af Skeiðarvogi inn á Miklubraut. Þessi vinstri beygja mun geta tekið þá auknu umferð sem þar mun verða samfara lokun Suðurlandsbrautar. Áhrif lokunarinnar á umferð í gegnum Voga- og Heimahverfi ætti því að verða lítil þar sem fýsilegra hlýtur að teljast að taka vinstri beygju inn á Miklubraut af Skeiðarvogi en að fara Skeiðarvog inn á Sæbraut og þaðan til suðurs."

Í símbrefi frá **embætti skipulagsstjóra ríkisins** dagsettu 11. júlí 1995, var spurt nánar um umrædda þverun fyrir gangandi vegfarendur yfir/undir Miklubraut á móts við Rauðagerði. Spurt var hvort; til standi að ráðast í umrædda þverunar framkvæmd, ákveðið hafi verið hvort um undirgöng eða göngubrú verði að ræða, framkvæmdin hafi verið tímasett og þá hvenær og hver áætlaður kostnaður er við framkvæmdina.

Svar barst með símbrefi frá **Línuhönnun** þann 11. júlí 1995. Þar kom fram að ofangreind framkvæmd standi fyrir dyrum og að vonast sé til þess að hún verði á næsta ári, en ekki sé hægt að fullyrða neitt í því sambandi. Ekki hafi enn verið ákveðið hvort um undirgöng eða göngubrú verði að ræða en kostnaður sé lauslega áætlaður á bilinu 35-45 milljónir.

Athugasemd barst frá **Greiðabílum h.f.**, Malarhöfða 2, með bréfi dagsettu 21. júní 1995 þar sem segir:

„Vegna fyrirhugaðra breytinga á Vesturlandsvegi, þar sem til stendur að breikka veginn í sjö akreinar yfir Elliðaár, þá viljum við koma á framfæri mótmælum okkar.

Ástæður þessara mótmæla eru þær að með því að umferð Vesturlandsvegjar færast nær húsnæði okkar á Malarhöfða 2, þá aukast óþægindi okkar vegna mengunar. Sérstaklega hvað varðar hávaða frá umferð. Við sjáum okkur knúna til að bera fram þessi mótmæli vegna umhyggju fyrir heilsufari starfsmanna okkar og ótta við verðlækkun á fasteignum okkar.

Okkar tillögur til úrbóta eru þær að gerðar verði ráðstafanir til að minnka umferð við Bíldshöfða og þannig fengið nokkurt mótvægi við aukin mengunaráhrif vegna nálgunar Vesturlandsvegjar.

1. Með því að færa akbraut þá sem tekur við af Malarhöfða í suðurátt og beygt er um út á Vesturlandsveg frá Bíldshöfða. Við leggjum til að þessi beygja verði færð ofar á Bíldshöfða, sem næst Nesti. Auk þess sem þessi breyting minnkar hávaðamengun gagnvart okkur þá bendum við á kosti þess að færa beygjuna úr þeim halla sem hún er í dag og skapað hefur mikla hættu í hálfu.
2. Eins leggjum við til að lokað verði fyrir gegnum akstur frá Bíldshöfða um gömlu Elliðaárbrýnnar, þannig að einungis verði farið um þær til að komast inn á útivistarsvæðið á milli Elliðaánna (Geirsnes). Auk þess að þessi breyting minnkar hávaðamengun gagnvart okkur þá hyrfi sú slysaþætta sem er í dag við að fara þessa leið og inn á beygjuna sem liggur frá Vesturlandsvegi í vestur átt og inn á Sæbraut.

Við teljum ekki ástæðu til að gera breytingu á akstursleiðum inn á Bíldshöfðann."

Athugasemdin var send Línuhönnun með símbrefi 22. júní 1995.

Svar **Línuhönnunar**, einnig undirritað af fulltrúum Vegagerðarinnar og Reykjavíkurborgar, barst með bréfi dagsettu 30. júní 1995 þar sem segir m.a.:

„Frá Greiðabílum bást 2 athugasemdir og er þeirri fyrri í raun auðsvarað þar sem framkvæmdin gerir ráð fyrir því að útfærsla tengingar frá Bíldshöfða inn á Vesturlandsveg verði færð um 250 m til austurs þ.e.a.s. langleiðina að Nesti, eins og meðfylgjandi teikning sýnir. Með þessu mun akstursleiðin inn á Bíldshöfðann af Vesturlandsvegi falla út á þessu svæði en það er gert til þess að auka öryggi vegfarenda á Vesturlandsvegi og greiða fyrir umferð á honum. Bent skal á að ný gatnamót Vesturlandsvegjar og Höfðabakka munu koma til með að bæta tengingu Vesturlandsvegjar og Bíldshöfða.

Varðandi síðari athugasemdina er það svo að ekki eru nein áform uppi um að loka tengingu Bíldshöfða inn á hægri beygju af Vesturlandsvegi inn á Sæbraut. Rétt er að benda á að umferð sem fara mun af Bíldshöfða inn á Vesturlandsveg fær sérstaka akrein en í dag er það ekki svo. Það verður vonandi til þess að vegfarendur munu notfæra sér hana í auknum mæli og þannig verða til þess að umferð muni minnka um Bíldshöfða inn á hægri beygju frá Vesturlandsvegi inn á Sæbraut. Einnig er rétt að benda á að ef af þessari lokun yrði, eins og Greiðabílar leggja til, myndi öll þungaumferð, sem fer eftir Sævarhöfða og til vesturs að Sæbraut, þurfa að fara upp Ártúnsbrekkuna með þeirri hljóðmengun sem því fylgdi."

Allar athugasemdir liggja frammi hjá Skipulagi ríkisins þar til kærufrestur er liðinn.

4. NIÐURSTÖÐUR FRUMATHUGUNAR

Göngu- og hjólreiðastígar

Í frummatsskýrslu kemur fram að ráðgert sé að bæta göngu- og hjólreiðastíga í kringum framkvæmdasvæði, samkvæmt fyrirliggjandi skipulagstillögum, án þess þó

að þeir séu hluti þessarar framkvæmdar. Árbæjarsafn fagnar sérstaklega í sinni umsögn endurbótum á göngustígakerfi og gönguleiðum við Elliðaárdalinn, en samgöngur þessa leið hafi ekki verið of greiðar. Í Elliðaárdal séu ýmsar merkar menningarminjar og mikilvægt að tengja þetta svæði vel fyrir gangandi og hjólandi umferð við önnur minja- og útivistarsvæði, bæði í Laugardal og Fossvogsdal/Öskjuhlíð.

Lilja Sigrún Jónsdóttir bendir á að aðgengi fyrir gangandi að Elliðaárdalnum frá Voga- og Heimahverfi muni skerðast við framkvæmdina, en núverandi göngustígur meðfram Sæbraut undir Miklubraut mun leggjast af. Úr þessu má þó bæta með því að flýta gerð undirganga undir Sæbraut eða gerð undirganga eða byggingu göngubrúar við Miklubraut. Fram kemur í bréfi frá Línuhönnun, einnig undirritað af fulltrúum framkvæmdaraðila, að fyrir dyrum standi að gera þverun fyrir gangandi vegfarendur yfir Miklubraut á móts við Rauðagerði. Er hér átt við göngubrú eða undirgöng sem muni auðvelda tengsl gangandi og hjólandi umferðar milli hverfanna beggja vegna Miklubrautar og bæta tengsl milli Voga- og Heimahverfis og Elliðaárdalsins. Einnig er gert ráð fyrir þverun fyrir gangandi vegfarendur yfir Sæbraut rétt sunnan Knarrarvogs.

Í ljósi þess að við framkvæmdirnar mun núverandi tenging Voga- og Heimahverfis við hverfi sunnan Miklubrautar og Elliðaárdal skerðast tímabundið, þar sem fjarlægður verður núverandi göngustígur meðfram Sæbraut, þá telur skipulagsstjóri ríkisins mikilvægt að leyst sé úr þessum málum samhliða framkvæmdum við Miklubraut. Það verði gert með því að leggja fyrirhuguð undirgöng eða byggja göngubrú yfir Miklubraut á móts við Rauðagerði um leið og Miklubraut verður breikkuð. Þetta muni tryggja umferðaröryggi gangandi og hjólandi vegfarenda á þessari leið og bæta tengsl milli hverfa.

Einnig leggur skipulagsstjóri ríkisins áherslu á að sem fyrst verði gengið frá þverun fyrir gangandi vegfarendur yfir Sæbraut rétt sunnan Knarrarvogs eins og til stendur samkvæmt skipulagi, til að tryggja öruggt aðgengi að Elliðaárdalnum.

Mengun Elliðaáa á framkvæmdatíma

Hollustuvernd telur framkvæmdina þess eðlis að umhverfinu eigi ekki að stafa aukin hætta af hugsanlegri vatnsmengun og úrgagnsmengun frá framkvæmdinni miðað við það sem nú er. Hins vegar verði á framkvæmdatíma að gæta fyllstu aðgæslu til að koma í veg fyrir vatnsmengun Elliðaáanna, þar sem slík mengun gæti spillt laxveiði í ánum.

Loftmengun

Fram kemur í frummatsskýrslu að framkvæmdin muni ekki auka útblástur eða rýra loftgæði umfram það sem nú er. Leiddar eru líkur að því að loftmengun minnki jafnvel, þar sem færri bílar muni bíða á gatnamótum en nú er. Þar kemur einnig fram að miðað við mengunarspá **fyrir umferð árið 2008**, þá sé:

1. Styrkur kolildis (CO) innan þeirra marka sem sett eru í mengunarvarnareglugerð.
2. Styrkur svifryks, blýs og brennisteinstvöldis vel undir þeim mörkum sem sett eru í mengunarvarnareglugerð.
3. Styrkur niturtvöldis (NO₂) undir þeim mörkum sem sett eru í mengunarvarnareglugerð fyrir ársmeðaltöl. Hins vegar séu sólarhringsmeðaltöl

og klukkustundarmeðaltöl yfir mörkum mengunarvarnareglugerðar á svæði umhverfis Vesturlandsveg að meðaltali sjötta hvern dag. Það svæði sem sólarhringsmeðaltalið er yfirskríðið fellur undir skilgreiningu þynningarsvæða, en svæðið þar sem klukkustundarmeðaltalið fer yfir leyfileg mörk mun líklega ekki að fullu falla undir þá skilgreiningu.

Að þessu gefnu var kannaður nýverandi styrkur niturtvíldis á svæðinu og styrkur þess áætlaður fyrir árið 2003. Það ár var valið þar sem þá eru taldar yfirgnæfandi líkur á að annaðhvort Kleppsvíkurtenging eða Ósabrautartenging yfir Elliðavog hafi verið tekin í gagnið og umferð þess vegna um fjórðungi minni á umræddu svæði. Niðurstöður þessarar könnunar eru að:

- a. Nýverandi styrkur niturtvíldis (NO), klukkustundarmeðaltöl (skammtímaástand), er langt yfir þeim mörkum sem sett eru í mengunarvarnareglugerð á stóru svæði umhverfis gatnamót Vesturlandsvegur og Sæbraut.
- b. Spár benda til þess að styrkur niturtvíldis verði undir mörkum mengunarvarnareglugerðar utan skilgreindra þynningarsvæða árið 2003, vegna hertra krafna í mengunarvarnareglugerð varðandi útblástur bifreiða.

Þannig megi gera ráð fyrir að styrkur niturtvíldis á þessu svæði minnki verulega í framtíðinni frá því sem nú er, ef nýjar tengingar verða gerðar og mengunarvarnareglugerð hert, þó svo að mörkin verði yfirskríðin árið 2008 komi ekki til tengingar yfir Elliðavog.

Hollustuvernd ríkisins bendir á að eðlilegt sé að umferðar- og loftgæðamælingar verði stundaðar á þessu svæði þar sem mengun er talin verða mest, til þess að sannreyna spár um umferð og loftgæði. Að mati Hollustuverndar ríkisins þarf að mæla mengun á svæðinu tvisvar sinnum á því tímabili sem spár ná yfir.

Í athugasemdum Lilju Sigrúnar Jónsdóttur er lýst yfir áhyggjum yfir hugsanlegri loftmengun við leikskólann Steinahlíð og Vogahverfið. Línuhönnun bendir á í svari við því að niðurstöður loftmengunarútreikninga nái yfir lóð Steinahlíðar og að loftmengun fari hvergi yfir leyfileg mörk mengunarvarnareglugerðar vegna þessarar framkvæmdar.

Hljóðmengun

Greiðabílar h.f. mótmæla breytingu Vesturlandsvegur vegna aukinnar hávaðamengunar í húsi fyrirtækisins að Malarhöfða 2. Fyrirtækið bendir á að úr því megi bæta með tilfærslu á aðrein sem er nú í framhaldi af Malarhöfða [Innskot Sk.r., gert er ráð er fyrir því í matsskýrslunni] og með því að loka fyrir gegnumakstur yfir gömlu Elliðaárbrýrnar yfir á Sæbraut. Í bréfi frá Línuhönnun, undirrituðu af fulltrúum framkvæmdaraðila, kemur fram að ekki eru nein áform uppi um að loka tengingu Bíldshöfða inn á hægri beygju frá Vesturlandsvegi inn á Sæbraut.

Lilja Sigrún Jónsdóttir lýsir áhyggjum af umferðarhávaða við leikskólann Steinahlíð. Línuhönnun fyrir hönd framkvæmdaraðila fullyrðir að hljóðmengun muni ekki fara yfir viðmiðunarmörk byggingareglugerðar í kringum húsin á lóð Steinahlíðar og í Vogahverfi.

Fram kemur almennt í frummatsskýrslu að hljóðmengun var mæld á 8 stöðum. Valdar voru þær byggingar sem taldar voru verst settar fyrir hljóðmengun og svæði

sem gefa yfirsýn yfir hljóðmengun í byggðinni næst umræddum vegarkafli. Niðurstöður mælinga leiddu í ljós að við núverandi ástand er jafngildishljóðstig fyrir heilan sólarhring 48-63 dB(A). Spá um þróun umferðarhávaða fram til ársins 2008 leiddi í ljós að hækkun á einstökum mælistöðum muni reynast á bilinu 0-5 dB(A). Þrátt fyrir umrædda hækkun hljóðstigs eru ákvæði byggingarreglugerðar og mengunarvarnareglugerðar uppfyllt gagnvart íbúðabyggð, útivistarsvæði í þéttbýli og athafnasvæði. Hollustuvernd bendir á að almenn viðmiðunarmörk fyrir hljóðstig við íbúðarbyggð eru 55dB(A).

Lokun Suðurlandsbrautar

Lilja Sigrún Jónsdóttir bendir á að ekki séu metin áhrif lokunar Suðurlandsbrautar á aðlæg íbúðahverfi þar sem búast megi við auknum gegnumakstri. Þessum athugasemdum svarar framkvæmdaraðili á þann veg að Suðurlandsbraut verði ekki lokað fyrr en mislæg gatnamót verða komin á mótum Miklubrautar og Skeiðarvogs. Með því móti verður höggvið á þann umferðarhnút sem myndast á háannatímum á vinstri beygju af Skeiðarvogi inn á Miklubraut. Þessi vinstri beygja mun geta tekið þá auknu umferð sem þar mun verða samfara lokun Suðurlandsbrautar. Áhrif lokunarinnar á umferð í gegnum Voga- og Heimahverfi ætti því að verða lítil.

5. SKIPULAG

Framkvæmdin er í samræmi við gildandi aðalskipulag Reykjavíkur það er innan helgunarsvæðis meðfram stofnbraut. Frávik frá þessu eru þó þar sem farið er yfir Elliðaárhólmana en það svæði er ekki auðkennt sem helgunarsvæði. Einnig lendir afrein fyrir umferð til austurs og niður að Sævarhöfða örlítið inn á svæði sem merkt er sem almennt útivistarsvæði. Þá fer afrein hægri beygju af Sæbraut aðeins inn á lóð Steinahlíðar. Ekki er talið tilefni til sérstakra breytinga á aðalskipulagi af þessum sökum fyrr en við næstu endurskoðun þess.

6. ÚRSKURÐARORÐ

Með vísun til 8. greinar laga um mat á umhverfisáhrifum nr. 63/1993 hefur skipulagsstjóri ríkisins yfirfarið gögn þau sem fram voru lögð af hálfu framkvæmdaraðila við tilkynningu, ásamt umsögnum, athugasemdum og svörum framkvæmdaraðila við þeim.

Fallist er á fyrirhugaða framkvæmd, svo sem henni er lýst í frummatsskýrslu með því skilyrði að byggð verði göngubrú yfir, eða undirgöng undir, Miklubraut á mótis við Rauðagerði, til þess að bæta öryggi gangandi og hjólandi vegfarenda.

Vakin er athygli framkvæmdaraðila á ábendingum Hollustuverndar ríkisins um að fyllstu aðgátar sé gætt á framkvæmdatíma til að koma í veg fyrir mengun Elliðaáa. Hollustuvernd bendir einnig á að fylgst verði með loft- og hljóðmengun á svæðinu. Einnig er minnt á skyldur framkvæmdaraðila samkvæmt þjóðminjalögum ef fornleifar finnast við framkvæmdina.

7. KÆRUFRESTUR

Úrskurð þennan má kæra til umhverfisráðherra og rennur kærufrestur út þann 17. ágúst 1995.

Reykjavík 13. júlí 1995.

Sigurður Thoroddsen

Halldóra Hreggviðsdóttir